

Komið þið sæl,

Póstkort frá dagagestum er tilvalið að nota sem kveikju í umræðu um þarfirnar og lífsgildin fyrir yngri nemendur.

Dagasögurnar sjálfar og dagalögin eru einnig mjög góðar kveikjur.

**Kær kveðja,
Kristín Björk**



Sunnulækjarskóli

Norðurhólum 1

800 Selfoss

Ísland

Komið þið sæl,

Ég ákvað að senda ykkur póstkort með kveðju frá mér. En ég sé til ykkar næstum alla daga og næ stundum að kítla ykkur í nefbroddinn! Vitið þið hver ég er?

Heima hjá mér er mjög gott útsýni og ég get séð krakka í öllum heimsálfum.

Það er gaman að sjá hvað þið eruð dugleg

að læra og leika saman. Þið eruð líka


heppin að búa við öryggi og húsaskjól.

Mörg börn þurfa að betla mat og sofa

í tjöldum. Erud þið örugg?

Hvernig finnið þið öryggi?

Kær kveðja, Sunna sól



Sunnulækjarskóli

Norðurhólum 1

800 Selfoss

Ísland

Komið þið sæl,

Ég vaki um nætur og sef á daginn.

Vitið þið hver ég er?

Getið þið hjálpað mér?

Ég er búin að týna töfrasprotanum sem ég nota þegar ég er að hjálpa vinum mínum að sofna á kvöldin.

Ég er svo leiður því nú get ég ekki hjálpað vinum mínum. Það er svo gaman að gera góðverk. Hvað finnst ykkur gaman að gera? Hvenær eru þið **glöð**?

Kær kveðja, Máni



Sunnulækjarskóli

Norðurhólum 1

800 Selfoss

Ísland

Komið þið sæl,

Ég get nú sagt ykkur fréttir! Fram að þessu hef ég nú alltaf getað synt **frjáls** um heimkynni mín í sjónum. En í gær lenti ég í æsispennandi eltingaleik við

Sem betur fer náði ég að komast undan þegar ég náði að synda inn í dimman....

En núna er ég bara fastur hér inni í og veit ekki hvað ég á að gera!

Mig langar svo að hitta vini mína en þeir vita ekki hvar ég er! Getið þið komið skilaboðum til vina minna?

Kær kveðja, Þorri Þorskur



Sunnulækjarskóli

Norðurhólum 1


800 Selfoss

Ísland

Komið þið sæl,

Nú er ég búin að safna vetrarforða í holuna mína. Bláber er mitt uppáhald. Vinkona mín á næsta bæ var að gera bláberjasultu sem ég ætla nú að laumast í á eftir ha, ha! Ég er svo heppin! Ég **stjórna** öllu! Ég get gert allt sem mér sýnist! Ég geri bara allt sem mér dettur í hug! Er það satt? En núna er ég í vandræðum með að komast heim í holuna mína. Ég komst ekki yfir götuna því það var svo mikil umferð. Ég er búin að reyna að hafa áhrif en sama hvað ég tísti þá heyrir engin bíll í mér. Getið þið hjálpað mér?

Kær kveðja, Malla mús



Sunnulækjarskóli

Norðurhólum 1


800 Selfoss

Ísland

Komið þið sæl,

Ég er staddur upp á Ingólfsfjalli og hér er fallegt útsýni. Ég er búin að finna nokkra fallega steina til að bæta í steinasafnið mitt. Mér **þykir mjög vænt um** steinana sem ég á. Ég er búin að raða þeim í hilluna mína og skrifa nöfnin á þeim. Besti vinur minn er að safna..... Pennavinur minn sem á heima í Afríku sendi mér ótrúlega fallegan vinastein með nöfnunum okkar á. ME, me, me Ég verð að stökkva og hjálpa kindinni sem kemst ekki niður. Hjálpið þið öðrum?

Kær kveðja, Fúsi



Sunnulækjarskóli

Norðurhólum 1

800 Selfoss

Ísland

Komið þið sæl,

Sjáið þið mig? Ég er oft að flögra hér fyrir utan gluggann hjá ykkur. Ég flýg um loftin blá og fylgist með veðrinu og umhverfinu. Ég verð að segja ykkur það krakkar að ég er alveg hissa hvað er mikið til af ruslunnum! En það er svo skrítið að oft eru þær tómar en draslið liggur á jörðinni! Hver ber **ábyrgð** á því að ganga vel um landið okkar? Ég sá líka nokkra vettlinga út á skólalóð sem einhver hefur týnt. Hvað eru allir þessir þokar að gera á snögnum? Það verða allir að muna að

Kær kveðja, Finnur fugl



Sunnulækjarskóli

Norðurhólum 1


800 Selfoss

Ísland

Komið þið sæl,

Helgarfríð er byrjað og það er svo notalegt að geta slakað á heima. Það er stundum erfitt að vera nemandi allan skóladaginn. Þurfa að hlusta og einbeita sér þegar aðrir eru með læti. Þurfa að læra eitthvað sem er ekki skemmtilegt! Ég nota því helgina vel til að fá frí frá þessu nemendahlutverki. Ég þarf nú líka að gera ýmislegt heima hjá mér. Ég má ekki bara sofa allan daginn. Ég hef það hlutverk heima að.... Það væri gaman að fá fréttir af ykkar hlutverkum.

Kær kveðja, Lukka



Sunnulækjarskóli

Norðurhólum 1

800 Selfoss

Ísland